

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 25. júní 2021.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands: Björn Snæbjörnsson, Árni Steinar Stefánsson, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir og Kolbeinn Gunnarsson.

Frá sambandinu: Benedikt Þór Valsson, Berglind Eva Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Mat á fyrri störfum til hækkunar persónuálags vegna starfsaldurs 2105013SA

Erindi frá stéttarfélagi vegna ágreinings við sveitarfélag um túlkun á gr. 1.4.1 í kjarasamningi SGS og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar segir að við útreikning tímakaups skuli jafnframt taka mið af persónuálagi viðkomandi starfsmanns sbr. gr. 1.1.1 og 10. kafla eftir því sem við á.

Fulltrúar sveitarfélagsins hafa hafnað að meta fyrri störf félagsmanns stéttarfélagsins á leikskóla í Danmörku og á leikskóla í Garðabæ sem sambærilegt starf hjá viðkomandi sveitarfélagi sem „Starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk II“ skv. starfsmati.

Óskað er eftir því að samstarfsnefndin skeri úr um hvort þessi fyrri störf starfsmannsins séu sambærileg við núverandi starf hans og eigi því að vera metin til starfsaldurs og hækkunar á persónuálagi.

Á síðasta fundi var málið rætt og afgreiðslu frestað meðan beðið var skiflegs rökstuðnings frá sveitarfélaginu.

Niðurstaða:

Í rökstuðningi sveitarfélagsins kemur fram að við mat á sambærileika starfanna, þ.e. starfs á leikskóla og starfs í búsetuþjónustu með öryggisvistun, hafi verið horft til þeirra verkefna og ábyrgðar sem störfin fela í sér og hvaða hæfnis- og menntakröfur gerðar eru vegna þeirra. Að mati sveitarfélagsins eru líkindin með þessum tveimur störfum óveruleg.

Samkvæmt ákvæðum gr. 10.2.2 í kjarasamningi aðila er starfsaldur hjá íslenskum sveitarfélögum alltaf metin til persónuálags, óháð sambærileika starfa.

Að auki er metinn starfsaldur í sambærilegum störfum hjá öðrum vinnuveitendum innan lands og utan. Sambærileg störf teljast sömu störf og/eða störf sem eru mjög lík að innihaldi.

Að teknu tilliti til framangreinds er samstarfsnefndin sammála um að meta beri starfsreynslu starfsmannsins hjá Garðabæ.

Samstarfsnefndin er einnig sammála um að þrátt fyrir að ekki sé um sama starf að ræða hjá sveitarfélaginu og hjá danska sveitarfélaginu þá teljist störf in í grunninn umönnunarstörf og þar með lík að innihaldi þó að við bætist auknar kröfur vegna öryggisgæslu í starfinu hjá sveitarfélaginu. Samstarfsnefndin er því sammála um að meta beri starfsreynsluna til persónuálags.

2. Launadreifing skólaliða 2105014SA

Erindi frá Samstöðu þar sem uppi er ágreiningur við sveitarfélag um útreikning starfshlutfalls skólaliða í launadreifingu.

Á síðasta fundi vara málið rætt og afgeiðslu frestað.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að kalla eftir frekari upplýsingum frá viðkomandi skóla s.s ráðningarsamninga skólaliða og niðurstöðu umbótasamtals um útfærslu styttingar vinnutíma skólaliða.

Fundi slitið.